

Staðarreglur á Urriðavelli

Verndun ungra trjáa.

- Ef gróðursett stök tré (ekki runnar) undir 1m á hæð trufla stöðu leikmanns eða fyrirhugað sveiflusvið, verður leikmaður vítislaust, að lyfta boltanum og láta falla í samræmi við (Reglu 24-2b) “Óhreyfanleg hindrun,, Boltann má hreinsa.

Vallarmörk eru girðingar og hvítar stikur. (Regla 27).

- Stikur sem auðkenna vallarmörk eru ekki hindranir en teljast varanlega fastar. (Leika þarf bolta eins og hann liggur eða kaupa lausn, eitt vítahögg skv. Reglu 28)

Slegið í rafmagnslínu.

- Ef bolti er sleginn í rafmagnslínu skal höggið endurtekið vítislaust frá þeim stað sem upphaflega höggið var slegið.

Grund í aðgerð (Regla 25-1).

- Blámerkt svæði. Leika má innan svæðisins en veitt er vítislaus lausn úr grund í aðgerð.

Samskeyti og jaðrar skorinna grasþakna.

- Samskeyti og jaðrar skorinna grasþakna á leið (en ekki þökurnar sjálfar) teljast grund í aðgerð. Truflun vegna samskeytanna og jaðrana á stöðu leikmannsins telst þó ekki, sem slík truflun samkvæmt reglu 25-1. Liggja boltinn í eða snerti samskeytin eða jaðrana, eða þau trufla fyrirhugað sveiflusvið, fæst lausn samkvæmt reglu 25-1. Öll samskeyti og jaðrar innan svæðis skorinna grasþakna teljast hluti sömu samskeytanna.

Eftirtaldir hlutir eru hreyfanlegar hindranir (Regla 24-1).

- Steinar í glompum.
- Grænar stikur ásamt kaðli til að stýra umferð.

Eftirtaldir hlutir eru óhreyfanlegar hindranir sem veitt er lausn frá (Regla 24-2).

- Fjarlægðarmerkingar.
- Ofaníbornir vegir og stígar.
- Ruslafötur og kúlupvottastandar.
- Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á leið.
- Auglýsingaflögg og skilti.

Óhreyfanlegar hindranir nærri flöt. (Regla 24-2).

- Ef bolti leikmanns er innan tveggja kylfulengda frá óhreyfanlegri hindrun (t.d. vatnsdreifikerfi) sem er innan tveggja kylfulengda frá flötinni.

Fallreitir eru viðbótarvalkostur.

- Aftan við flötina á 6. holu vegna þjónustuvegar.

Tæki til að mæla fjarlægð.

- Við allan leik á vellinum má leikmaður afla sér upplýsinga um fjarlægð með því að nota tæki sem mælir fjarlægð aðeins. Ef á meðan fyrirskipuð umferð er leikin og leikmaður notar tæki sem er hannað til að mæla eða meta aðrar aðstæður sem gætu haft áhrif á leik hans (s.s. halla, vindhraða, hitastig, o.s.frv.) er leikmaður brotlegur við reglu 14-3 en **víti fyrir það er frávísun**, án tillits til þess hvort slík viðbótarhlutverk tækisins voru hagnýtt í raun.

Bolti hreyfist af slyzni á flöt.

- **NÝ REGLA:** Bolti hreyfist af slyzni á flöt Reglum 18-2, 18-3 og 20-1 er breytt sem hér segir: Þegar bolti leikmanns liggur á flöt er það vítislaust ef boltinn eða boltamerkið er hreyft af slyzni af leikmanninum, samherja hans, mótherja, kylfubera annars þeirra eða útbúnaði. Boltann eða boltamerkið verður að leggja aftur eins og tilgreint er í reglum 18-2, 18-3 og 20-1. Þessi staðarregla á aðeins við þegar bolti eða boltamerki leikmanns liggur á flötinni og hreyfing verður af slyzni. Ath.: Ef úrskurðað er að bolti leikmanns á flötinni hafi hreyfst vegna vinds, vatns eða annarra náttúrulegra orsaka, s.s. þyngdarafls, skal leika boltanum þar sem hann stöðvast. Hreyfist boltamerki af þessum orsökum er það lagt aftur á fyrri stað.

- Að öðru leyti skal leika samkvæmt golfreglum “Rules of golf as approved by R&A Limited and The United States Golf Association”.

- Víti fyrir brot á staðarreglu: Tvö högg.